

Fundargerð aðalfundar Haga hf. haldinn hinn 8. júní 2012

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, var haldinn föstudaginn 8. júní 2012, kl. 10:00, á 20. hæð í Turninum, Smáratorgi í Kópavogi.

Árni Hauksson, formaður stjórnar Haga hf., bauð fundarmenn velkomna í upphafi fundarins og lagði til að Þórður Bogason hæstaréttarlögmaður yrði kjörinn fundarstjóri og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga, fundarritari. Var þetta samþykkt.

Áður en gengið var til dagskrár gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins, fundargögnum og fyrirkomulagi fundarstarfa. Á fundinn eru mættir 35 hluthafar af 1996 hluthöfum í félagini. Mætt er fyrir 58% hlutafjár eða meira en 50% eins og samþykktir Haga hf. áskilja. Að svo búnu var gengið til dagskrár án athugasemda.

1. *Skýrsla stjórnar Haga hf. um starfsemina á liðnu ári.* Árni Hauksson, formaður stjórnar Haga, tók til máls og flutti skýrslu stjórnar.
2. *Ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda.* Á fundinum var lagður fram til samþykktar ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Finnur Árnason, forstjóri Haga, tók til máls og gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Eftir framsöguræður undir 1. og 2. dagskrálið opnaði fundarstjóri mælendaskrá og bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir. Enginn tók til máls. Að því búnu var ársreikningur Haga hf. fyrir liðið starfsár félagsins, 1. mars 2011 – 29. febrúar 2012, borinn upp til atkvæða og samþykkti aðalfundurinn hann samhljóða.

3. *Ákvörðun um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna Haga hf.* Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að stjórnarlaun verði óbreytt og var tillaga svohljóðandi: Stjórnarformaður kr. 500.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 250.000,- á mánuði. Endurskoðanda félagsins verði greitt í samræmi við útgefna reikninga. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Við svo búið bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna Haga hf. og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.
4. *Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2011/12.* Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar Haga hf., sem lá frammi á fundinum, þess efnis að aðalfundurinn samþykki að greiddur verði arður til hluthafa félagsins vegna reikningsársins 2011/12 sem nemur 0,45 krónum á hlut, eins og fram komi í ársreikningi félagsins. Heildaráðgrciðslan nemi því tæpum 530 milljónum króna. Fundarstjóri gerði jafnframt grein fyrir því að samþykki aðalfundurinn tillöguna skuli arðsréttindadagur vera 13. júní 2012. Arðleysisdagur, þ.e.a.s. sá dagur sem viðskipti

hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2011/12 verði því 11. júní 2012, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðgreiðslu verði 27. júní 2012. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að kveða sér hljóðs um tillöguna en enginn tók til máls. Í framhaldi af því bar fundarstjóri upp framangreinda tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar Haga hf. á reikningsárinu 2011/12 og var hún samþykkt samhljóða af aðalfundinum.

5. *Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fimm framboð hefðu borist til setu í stjórn Haga hf. innan þess tíma sem lög og samþykktir félagsins áskilja og væru þau öll gild. Upplýsingar um frambjóðendur hafa verið birtar en þeir skipa allir núverandi stjórn og hafa því gefið kost á sér til endurkjörs. Fundarstjóri las upp nöfn frambjóðenda: Árni Hauksson, Erna Gísladóttir, Guðbrandur Sigurðsson, Hallbjörn Karlsson og Kristín Friðgeirsdóttir. Gaf fundarstjóri hluthöfum kost á því að gera athugasemdir ef einhverjar væru en svo var ekki. Þar sem fleiri voru ekki í framboði en kjósa skal lýsti fundartjóri eftirfarandi einstaklinga réttilega kjörna til setu í stjórn Haga hf. á aðalfundinum: Árni Hauksson, Erna Gísladóttir, Guðbrandur Sigurðsson, Hallbjörn Karlsson og Kristín Friðgeirsdóttir.

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir þeirri tillögu stjórnar Haga hf. að KPMG ehf., kt. 590975-0449, verði kosinn endurskoðandi félagsins. Var sú tillaga samþykkt samhljóða og án athugasemda á aðalfundinum.


6. *Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.* Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn Haga hf. hafi lagt fram við aðalfund félagsins starfskjarastefnu fyrir Haga hf. er liggur frammi á fundinum. Stjórnin kynnti á fundinum breytingatillögu við starfskjarastefnuna og leggur stjórnin til að starfskjarastefnan verði samþykkt með þessari breytingu. Til máls tók Árni Hauksson og mælti fyrir tillögu stjórnar. Úr sal kom ein fyrirspurn sem Árni Hauksson svaraði. Starfskjarastefna Haga hf. var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða svo breytt.

7. *Heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.* Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að féluginu verði heimilt að kaupa á næstu 5 árum allt að 10% af eigin bréfum, skv. 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Kaupverð bréfanna skuli miða við dagslokagengi daginn áður en kaup eru gerð. Heimildinni verði aðeins beitt ef verð bréfanna er mjög hagstætt féluginu, að mati stjórnar. Fundarstjóri kynnti tillöguna og opnaði fyrir mælendaskrá. Bar hann tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt samhjóða.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild aðalfundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð. Heimild var veitt. Fundi var að svo búnu slitið kl. 11:10.



Pórður Bogason, fundarstjóri



Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fundarritari